

Birtist á Pressan.is, 22. mars 2011.

Orðsending til Samfylkingarinnar

Jón Steinsson

Ágreiningurinn innan ríkisstjórnarinnar varðandi Evrópumál virðist vera orðinn það alvarlegur að óvíst er um áframhaldandi líf stjórnarinnar. Varðandi flest mál hefur líf þessara ríkisstjórnar enga úrslitapýðingu. Það verður áfram deilt um ESB, um skattkerfið, um velferðarkerfið, um stóriðju og virkjanir og margt fleira þótt þessi ríkisstjórn fari frá. En eitt grundvallarmál í íslenskum stjórnámálum deyr líklega fyrir fullt og allt ef þessi ríkisstjórn fellur. Það er sú hugmynd að útgerðarmenn eigi að greiða markaðsverð fyrir afnota af auðlindum sjávar. Ekkert annað ríkisstjórnarmynstur mun koma slíku í gegn.

Í ljósi þeirrar stöðu sem komin er upp innan ríkisstjórnarinnar á Samfylkingin að semja við VG upp á nýtt og gefa eftir ESB í skiptum fyrir glundroðalausan stuðning VG við nýtt markaðsvænt fiskveiðistjórnunarkerfi sem færir þjóðinni sanngjarnan skerf af auðlindaarðinum. (Til þess að tryggja þetta væri nauðsynlegt að sameining sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis við iðnaðarráðuneyti gengi fljótt í gegn og Samfylkingin fengi forræði yfir sjávarútvegsmálunum.) ESB er svo stórt mál í hugum beggja flokka að líklega væri rétt að Samfylkingin fengi ýmislegt fleira í kaupbæti fyrir að lúffa með það mál. En það er aukaatriði.

Aðalatriðið er að ESB má bíða betri tíma. En sjávarútvegsmálin mega það ekki.